# Námsáætlun – 2. bekkur vor 2016

Námsgrein: Íslenska
Kennarar: Anna Sigríður og Heimir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| janúar - júní | Að nemandi:<br>• tali skýrt og komi hugsunum sínum í orð,<br>• geti rökstutt skoðanir sínar og tilfinningar og tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum,<br>• geti endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,<br>• hlusti og horfi með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og fróðleikstexta,<br>• eigi góð samskipti, hlusti og sýni kurteisi. | Talað mál, hlustun og áhorf | Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir og unnið er með þá á heildstæðan hátt.<br><br>Einstaklings, para og hópavinna þar sem unnið er með merkingabær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.<br><br>Markvisst er unnið að því að styðja við lesskilning og fjölbreytta ritun. | Kennari metur þá þætti sem kenndir hafa verið og þjálfaðir yfir skólaárið. |
| | Að nemandi:<br>• tengi þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,<br>• geti valið og lesið margvíslegan texta sér til ánægju og fróðleiks,<br>• beiti ýmsum hugtökum eins og orð, málsgrein, persóna, söguþráður og umhverfi, | Lestur og bókmenntir | | Kennari metur leshraða og lesskilning.<br>Læsispróf |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • beiti fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,<br>• geti lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. | | | |
| | Að nemandi:<br>• beiti töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,<br>• þekki og geti fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,<br>• geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,<br>• geri sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,<br>• geti búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,<br>• greini mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,<br>• geti leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. | Málfræði | | Læsispróf<br>Símat þar sem fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda.<br>Einstakar kannanir í lok lotna. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Að nemandi:<br>• dragi rétt til stafs og skrifi skýrt og læsilega,<br>• nýti í ritun þekkingu á grunn-þáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,<br>• geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn eða ljóð,<br>• beiti einföldum stafsetningar-reglum,<br>• nýti sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,<br>• geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.<br>• geti skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri. | Ritun | | Símat þar sem fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda. Skriftarkannanir |

Námsgrein: Stærðfræði
Kennarar: Anna Sigríður og Heimir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| janúar - júní | Að nemandi:<br>• geti unnið á fjölbreyttan hátt með tölur frá 0 – 100,<br>• geti borið saman tölur og fjölda í söfnum upp í 20,<br>• geti notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn s.s. kubba, talnalínu, mælitæki og vasareikna,<br>• geti leyst samlagningar- og frádráttardæmi með tölum upp í 100 með því að nota mismunandi reiknisaðferðir,<br>• þjálfi talnaskilning sinn sem er undirstaða í öllu stærðfræðinámi,<br>• kynnist margföldun sem endurtekinni samlagningu,<br>• geti lýst og haldið áfram með talnamynstur sem endurtekur sig og mynstur þar sem tölurnar fara ýmist stækkandi og minnkandi. | Tölur og algebra | Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna s.s. þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, sýnikennslu og fl. Mikið verður lagt upp úr hlutbundinni vinnu. | Fylgst með stöðu nemenda reglulega yfir veturinn bæði munnlega, skriflega og verklega. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Að nemandi:<br>• geti flokkað algengustu formin eftir rúmfræðilegum einkennum og eiginleikum þeirra,<br>• geti borið kennsl á hvenær er um speglun að ræða og notað hana,<br>• geti teiknað í rúðuneti einfaldar flatarmyndir,<br>• geti borið saman lengdir og flatarmál bæði með ágiskun og mælingu,<br>• geti notað hversdagsleg hugtök sem varða tíma og kunnað heiti vikudaga og mánuða. | Rúmfræði og mælingar | | |
| | Að nemandi:<br>• geti talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit,<br>• geti búið til og lesið úr súluriti og töflu og nýtt sér upplýsingarnar. | Tölfræði og líkindi | | |

Námsgrein: Náttúru- og samfélagsfræði
Kennarar: Anna Sigríður og Heimir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| janúar - júní | Að nemandi:<br>• geti sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því,<br>• geti komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,<br>• geri sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni,<br>• geti aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,<br>• geti skráð atburði og athuganir, s.s. með teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim,<br>• noti ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,<br>• geti útskýrt valda atburði, hlustað á og rætt hugmyndir annarra,<br>• þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur í heimabyggð,<br>• geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð, | Náttúrufræði:<br><br>náttúrufræði,<br>eðlisvísindi,<br>jarðvísindi,<br>lífvísindi og<br>umhverfismennt<br><br>Samfélagsfræði:<br><br>saga,<br>landafræði,<br>þjóðfélagsfræði,<br>trúarbragðafræði,<br>lífsleikni og<br>siðfræði | Náttúru- og samfélagsfræði er samþætt Byrjendalæsi. Nemendur fá tækifæri til að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Skólasafn og tölvuver verður nýtt við þekkingarleit og úrvinnslu upplýsinga.<br><br>Umræður, paravinna, hópavinna og einstaklingsvinna. Vettvangsferðir | Verkefnabók; þar sem áhugi, vinnusemi, vandvirkni er metin. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • taki þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru,<br>• geti lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum,<br>• kynnist algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu,<br>• flokki úrgang. | | | |

Námsgrein: Lífsleikni
Kennarar: Anna Sigríður og Heimir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| janúar - júní | Að nemandi:<br>• ákveði í samvinnu við kennara sína hvernig skólaárið geti best orðið árangursríkt og ánægjulegt,<br>• fái hlutverk í stofunni sinni, finnist þeir skipta máli og það sem þeir geri sé mikilvægt,<br>• læri ákveðnar umgengnisreglur og öðlist færni í að fylgja þeim,<br>• skilji að mistök eru tækifæri til að læra,<br>• efli sjálfsstjórn og gera hana hluta af daglegur lífi okkar,<br>• læri að tjá tilfinningar sínar og koma þeim í orð,<br>• geri sér grein fyrir því hvernig vanvirðing og ljótar athugasemdir hafa slæm langtímaáhrif á þá sem verða fyrir þeim. | Bekkjarsáttmáli, störfin í bekknum, „Bugs and wishes“ (Það pirrar mig svo... ég vildi óska...), að hafa heilann í hendi sér, griðastaðurinn, Kalli krumpaði, hvers vegna bekkjarfundir, mistök eru tækifæri til að læra af, VAL (að viðurkenna, afsaka, finna lausn), Ég-boð, tilfinningahjólið, hvatning og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum, virk og óvirk hlustun, að hrósa og þakka, „Þetta er ósanngjarnt“ það eru ekki allir eins, lausnaleit, lausnahjólið, lausnastaður, eineltishringurinn, tengslakönnun. | Bekkjarfundir þar sem farið er yfir umgengnis- og samskiptareglur m.a. með hlutverkaleikjum. | Símat þar sem virkni nemenda og þátttaka er metin. Horft á framfarir í félagsfærni og hvernig nemendum tekst að nýta sér þær leiðir sem eru í boði og þau hafa lært með markvissri þjálfun. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Samþætting við Byrjendalæsi, stærðfræði og útikennslu. | | |

Námsgrein: Enska
Kennarar: Anna Sigríður og Heimir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| janúar - júní | Að nemandi:<br>• skilji einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,<br>• skilji það mál sem notað er í kennslustofunni og geti brugðist við með orðum eða athöfnum,<br>• geti fylgst með einföldu efni í myndmiðlun og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna,<br>• geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,<br>• geti lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, og umhverfi,<br>• geti tekið þátt í hópvinnu og hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja. | Right On! – Vinnubók<br>Efni frá kennara | Innlögn frá kennara, einstaklings-, para- og hópavinna.<br>Hlustun og tal er þjálfað með því að notast við leik, söng, tal, rím og með því að lita og teikna eftir einföldum fyrirmælum.<br>Byrjað er að vinna með ritun einfaldra orða eftir fyrirmynd.<br>Unnið er með grunnorðaforða og ýmis verkefni til þjálfunar. | Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat sett fram í almennum þáttum. |

Námsgrein: Upplýsingamennt
Kennari: Heimir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| janúar - júní | Að nemandi:<br>• geti nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,<br>• geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,<br>• þjálfist í fingrasetningu,<br>• fari eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra. | Ýmis gagnvirk kennsluforrit frá nams.is og gyldendal.no/multi. Teikniforrit og ritvinnsluforritið Microsoft Word. | Innlögn - einstaklingsvinna | Vinna og áhugi nemenda metinn. |

Námsgrein: Myndmennt
Kennari: Anna Sigríður

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| janúar - júní | Að nemandi:<br>• geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði myndbyggingar,<br>• geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með mismunandi aðferðum,<br>• geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,<br>• geti fjallað um eigin verk og annarra,<br>• geti greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,<br>• geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,<br>• geti unnið einföld verkefni í hópi,<br>• geti tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,<br>• geti gengið frá eftir vinnu sína, geti lagt mat á eigin verk. | Samþætting við Byrjendalæsi, stærðfræði, samfélagsgreinar og náttúrufræði. | Stutt kynning efnisþátta og aðferða frá töflu.<br><br>Sýnikennsla.<br><br>Samvinnunám.<br><br>Verklegar æfingar.<br><br>Einstaklingsleiðsögn.<br><br>Innlögn á aðferðum við sköpun og mótun þrívíðra hluta.<br><br>Samþætting við Bryjendalæsi, Komdu og skoðaðu líkamann o.fl. samfélagsfræðinámsgögn.<br><br>Útikennsla. | Símat byggt á vinnusemi, vinnubrögðum, frumkvæði, sjálfstæði og hugmyndaauðgi.<br><br>Leiðsagnarmat. |

Námsgrein:íþróttir
Kennari: Palli og Kári

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| 5.janúar-27.maí | Fjölbreytt hreyfinám<br>Efla fín- og grófhreyfingar<br>Þjálfa samhæfingu handa og fóta<br>Auka þrek<br>Efla færni í samskiptum<br>Læra umgengni í íþróttahúsi og í búningsklefum | Hlaupa- og hreyfileikir, boltaleikir, frjálsar íþróttir, fimleikar og badminton | Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngsta stigi | Stöðumat, greinandi mat og lokamat. |

Námsgrein: Heimilisfræði 2 bekkur
Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

| Tímabil | | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar<br>2 tímar í einu<br>1 X í viku | • Geti unnið einföld verkefni í hópi<br>• Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.<br>• Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum<br>• Lagt mat á eigin verk<br>• Gengið frá eftir vinnu sína. | Bakstur og önnur verkefni<br>Frágangur og uppvask.<br>Unnið í vinnubók Hollt og gott 1 | Innlögn, sýnikennsla, samvinna og hópavinna.<br>Einstaklingleiðsögn<br>Nemendur vinna 2-3 saman að ákveðnu verkefni.<br>Nemendur fá einfaldar myndrænar uppskriftir til að vinna eftir og þá einstaklingshjálp sem þeir þurfa á að halda. | Símat sem byggir á virkni nemenda/vinnusemi/vinnubrögð, áhuga, vandvirkni, samvinnu og framkomu og að taka eftir og fara eftir fyrirmælum. |
| Febrúar<br>4x 2 tímar | • Geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum fyrir tennurnar<br>• Læri hvað fæðuflokkarnir heita<br>• Þekki einföld eldhúsáhöld og geti notað þau. | Bakstur- mælingar, frágangur og uppvask.<br>Unnið með grænmeti og ávexti<br>Hollt og gott 1 (verkefnabók) | Innlögn, sýnikennsla ef þarf, einstaklingsleiðsögn, hópa og samvinna.<br>Nemendur vinna 2-3 saman að ákveðnu verkefni.<br>Nemendur fá einfaldar myndrænar uppskriftir til | Símat |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Geti mælt í heilu og hálfu með dl-máli, msk, og tsk.<br>• Læri að nota stuttblaða hníf, skera og brytja ávexti og grænmeti.<br>• Læri að fara eftir myndrænum, einföldum og skriflegum uppskriftum.<br>• Taki þátt í verklegri vinnu<br>• Fái þjálfun í að ganga frá eftir sig með leiðsögn. | | að vinna eftir og þá einstaklingshjálp sem þeir þurfa á að halda. | |
| Mars<br>4x 2 tímar | Temji sér að nota lítið af efnum sem spilla umhverfinu.<br>Læri einfalda flokkun á sorpi frá heimilum.<br>Kynnist gömlum íslenskum mat og matarvenjum<br>Þjálfist í borðsiðum<br>Vinni með gleði og geti sýnt öðrum hjálpsemi og tillitsemi. | Bakstur, frágangur, þrif.<br>Hollt og gott 1 (verkefnabók)<br>Unnið með borðsiði og að leggja á borð | Innlögn, sýnikennsla, samvinna og hópavinna.<br>Einstaklingleiðsögn<br>Nemendur vinna 2-3 saman að ákveðnu verkefni.<br>Nemendur fá einfaldar myndrænar uppskriftir til að vinna eftir og þá einstaklingshjálp sem þeir þurfa á að halda. | Símat<br>Umsagnir í lok annar. |

Námsgrein: Hönnun og smíði
Kennari: Ólafur Viðar Hauksson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst - desember | • Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,<br>• Gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.<br>• Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sýnar,<br>• Framkvæmt einfaldar samsetningar,<br>• Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglegar lífi,<br>• Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.<br>• Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,<br>• Beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar. | Unnið er með mismunandi efni s.s. timbur tegundir og önnur efni.<br>Nemendur hanni hlut út frá ákveðnu þema og noti til þess samræður, nálgast og skoða ýmsar bækur, tímarit eða fari á netið til að móta hugmyndir sínar og sýni þar með sjálfstæði í vinnubrögðum.<br>Mismunandi yfirborðsmeðhöndlun sýnd, samsetningar hluta með mismunandi aðferðum.<br>Rétt vinnubrögð við notkun á tækjum og vinnustellingar | Innlögn, sýnikennsla, verklegaræfingar, vettvangsferð. | Símat kennara þar sem meðal annars horft á sjálfstæði nemenda, virkni, samvinnu þeirra við aðra, frumkvæði að úrlausnum ásamt umgegni, sjálfsmat og afurðin. |